

Akurtraðir

Porkell Gunnarsson skráði.

Landamerki milli Akurtraða og Vatnabúðapláss¹ (áður Þórdísarstaða og Vatnabúðapláss) eftir tvennum heimildum kirkjunnar, öðrum frá 29. ágúst 1645. (Akurtraðir heyrðu áður fyrir undir Þórdísarstaði.)

„Úr miðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn sjónhending í Mýrnarmót og upp í jarðfall eða lág, sem liggur fyrir norðan Gerðahamra, þaðan upp á Vörðuleyti, svo beinnt upp í fjallið upp í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur fyrir austan Garðahlíðarmúla.“

Bærinn stendur á klettóttum hæðarrana, er heitir **Gerðahamrar** (1). Fyrir sunnan bæinn rennur lækur, sem heitir **Bæjarlækur** (2). Fellur hann í vatn, sem er fyrir vestan túnið. Heitir það **Álavatn** (3). Mér er sagt, að það hafi verið mikið um ála í því hér áður fyrir og vatnið dragi nafn þar af. Nokkru sunnar er annar lækur, sem heitir **Kaldilækur** (4). Hann kemur undan brekkunum og fellur í vatnið. Norður frá bænum er klettastapi allhár, heitir hann **Háistapi** (5). Í vestur frá honum er annar hár stapi, ekki með nafni, en enn vestar er lægri stapi, sem er kallaður **Náttmálastapi** (6) (eyktamark frá Akurtröðum). Liggur hann fyrir vestan götuna frá bænum til sjávar. Fyrir neðan stapana (norðan) var býli, sem hét **Undirtún** (7). Stóð það fyrir austan götuna. Þar eru nú fjárhús og hlaða.

Inn á Gerðuhömrnum miðjum og þar sem þeir eru hæstir stendur smábyrgi, sem kallað er **Fálkabyrgi** (8). Þar voru fálfar geymdir í eina tíð, þar til þeir voru seldir úr landi. Austast á hömrnum er stapi, sem heitir **Skothússtapi** (9). Hann ber nafn af því, að þar var byggt byrgi eða skothús. Þar var svo legið fyrir tófu (ref) á vetrum. Frá stöpum og túninu eru melar upp að fjallinu, og austast á þeim melum er hæð, sem heitir **Vörðuleiti** (10). Upp við hlíðina eru fornlegar rústir (tóftir) (nú búið að slétta þær). eru þær kallaðar **Gömlu-Þórdísarstaðir** (11). Upp af tóftunum er grasivaxin hlíð er heitir **Garðahlíð** (12), og upp af henni grasivaxinn geiri, sem heitir **Breiðgeiri** (13), og er skriða eftir honum miðjum. Upp af geiranum og á fjallsbrúninni eru tvær melhæðir, sem heita **Barnaborgir** (14), og á þeim eru dagmál.

¹ Í hdr. Vatnabúðarpláss.

Ekki veit eg, af hverju þær draga nafn, nema þá af því, hvað þær eru litlar. Fyrir norðan Breiðageira er **Garðahlíðarmúli** (15), og þar fyrir norðan eru klettur tveir í fjallinu, er heita **Flyðrur** (16) (landamerkjakennileiti). Þessir tveir klettur eru til að sjá eins og flyðrur (lúður). Fyrir suðvestan Barnaborgir er laut, sem heitir **Bælislaut** (17), en þar fyrir sunnan er í fjallsbrúninni djúp lægð, er heitir **Bali** (18) (og er landamerkjakennileiti).

Suður frá túninu er djúp graslaut. Liggur hún fyrst frá norðvestri til suðausturs, en beygist síðan til suðurs. Laut þessi heitir **Djúpalaut** (19).

Önnur laut er upp af Bæjarlæknum, er heitir **Kvíalaut** (20). [Þar voru kvíar,] en hvenær þær lögðust niður, er ekki kunnugt, en sennilega seint á síðustu öld. [Upp af Kvíalaut] er holtrani langur, er liggur frá suðvestri til norðausturs og heitir **Hryggur** (21). Fyrir sunnan Kaldalæk eru töðgresisbrekkur suður með Álavatni, sem heita **Vatnsbrekkur** (22).

Milli vatnsins og sjávar er grasivaxinn malar- og sandkambur. Frá suðurlandinu gengur tangi út í vatnið. Heitir hann **Vatnstangi** (23).

Næst **Þvereyrinni** (24), er skiptir löndum milli Akurtraða og Vatnabúðapláss,¹⁾ er hátt sker, sem heitir **Hnöttóttasker** (25). Fyrir vestan það og frammar er langt sker, sem liggur frá austri til vesturs. Heitir það **Langasker** (26).

Leiðin upp í Akurtraðalendingu er fyrir austan Langasker, en vestan Þvereyrar og Hnöttóttaskers.

Suður af vesturenda Langaskers, nær landi, eru smásker, er heita **Hnullungar** (27). Í suður og upp undir landi frá Hnullungum eru nokkur lág sker, er heita **Flögur** (28). Vestur frá Hnullungum eru mörg sker, er heita **Bollabörn** (29). Í vestur frá þeim er allstórt sker. Liggur það frá austri til vesturs eða því sem næst og er hæst af nærliggjandi skerjum. Sker þetta heitir **Bolli** (30). Dregur hann nafn af djúpri lægð í klettinn (eða skerið). Með honum að framan (norðan) er hin alkunna **Bollaleið** (31). Um hana er þessi vísa:

Naustálsbyrgi í Bárartröð
bendist um hann Skolla.
Lítið horn af Lágu-Stöð
leið er fyrir Bolla.

Í suður af Bolla er sker, sem heitir **Miðvíkurboði** (32). Það kemur ekki upp nema um stórar fjörur. Í suður af Miðvíkurboða alveg upp við land eru lág sker, er heita **Fegrur**

(33). Fyrir vestan Bolla og upp með Bollabörnum er leið upp að Akurtröðum, er heitir **Broddaleið** (34). Suður af Miðvíkurboða er allstórt sker, er heitir Lónsker og er í Þórdísarstaðalandi (og er landamerkjakennileiti). Milli Lónskers og Miðvíkurboða er leið upp að Akurtröðum og heitir **Eftir Urðagarði** (35).

Landamerki milli Akurtraða og Þórdísarstaða (og Naustáls). Gjört 4. jan. 1915.

„Úr nyðri enda á svo kölluðu Lónskeri ráði bein sjónhending upp fjöruna yfir vatnið og upp eftir landinu eftir því sem nokkrar þar gjörðar torfpúfur tilvísa, alla leið upp í svo kallað „Bæli“ vestan til í fjallsröndinni, og þaðan beint í fjall upp.“

Sigríður Jóhannsdóttir gekk frá handriti.

Stafrófsskrá örnefna

Álavatn 3
Bali 18
Barnaborgir 14
Bollabörn 29
Bollaleið 31
Bolli 30
Breiðigeiri 13
Broddaleið 34
Bæjarlækur 2
Bælislaut 17
Djúpalaut 19
Eftir Urðargarði 35
Fálkabyrgi 8
Fegrur 33
Flyðrur 16
Flögur 28
Garðahlíð 12
Garðahlíðarmúli 15
Gerðahamrar 1
Gömlu-Þórdísarstaðir 11
Háistapi 5
Hnullungar 27
Hnöttóttasker 25
Hryggur 21
Kaldilækur 4
Kvíalaut 20
Langasker 26
Miðvíkurboði 32
Náttmálastapi 6
Skothússtapi 9
Undirtún 7
Vatnsbrekkur 22
Vatnstangi 23
Vörðuleiti 10
Þórdísarstaðir, Gömlu- 11
Þvereyri 24